

**Menningarhúsið Tjarnarborg**  
**Fimmtudaginn 16. febrúar 2023 kl. 18:00**

**Afhending styrkja til menningar- og fræðslumála**

**Afhending grænna styrkja 2023**

**Afhending umhverfisviðurkenningar**

**Útnefning Bæjarlistamanns Fjallabyggðar**

## Skúlpúrgarður við Alpýðuhúsið á Siglufirði

Umsækjandi:  
Aðalheiður S. Eysteinsdóttir

Skúlpúrgarður við Alpýðuhúsið á Siglufirði með verkum eftir Aðalheiði S. Eysteinsdóttur. Uppbygging Garðsins hefur staðið yfir undanfarin ár og hefur gengið vel.

Nú þegar eru komin tvö stór verk í garðinn, Álfhóll og Bergmyndir. Eftir því sem árin líða er komin ákveðin reynsla á hvernig fólk og náttúra leika sér í garðinum. Mikið er stoppað við Bergmyndir og jafnvel að þar í einhverja klukkutíma með nestið sitt og bók til lestrar.

Leitast verður við að samþætta náttúru og tíma í verkum Aðalheiðar og gera gestum kleift að staldra við á eða í verkunum. Haldið verður áfram að vinna að umgjörð garðsins og steinhleðslu sem mun verða áberandi þáttur í sköpunarverkinu.

**Styrkupphæð kr. 200.000.-**

## Alpýðuhúsið á Siglufirði - Menningarstarf

Umsækjandi:  
Félag um  
menningarstarf  
í Alpýðuhúsinu á  
Siglufirði

Alpýðuhúsið á Siglufirði hefur staðið fyrir margþættu menningarstarfi á ársgrundvelli síðan árið 2012. Þar er starfrækt gallerí Kompan.

Í Kompunni eru settar upp 9-10 sýningar á ári sem standa yfir í 3 vikur í senn hver sýning.

Listamennirnir sem sýna, dvelja í Alpýðuhúsinu vikuna fyrir opnun, við vinnu sína og er dvölin þeim að kostnaðarlausu.

Í alrými hússins er efnt til mánaðarlegra viðburða sem nefnast „*Sunnudagskaffi með skapandi fólki*“ og er hér um að ræða klukkustundar viðburði þar sem fjölmargt skapandi fólk segir frá og sýnir verk sín og starf. Á viðburðina mæta bæði heimamenn og utanaðkomandi til leiks.

Í sal Alpýðuhússins eru settir upp stærri viðburðir, listasmiður, tónleikar, fjöllistasýningar, ljóðadagskrá, dans og hvað eina sem við kemur skapandi hugsun.

**Styrkuppþæð kr. 500.000.-**

## Alpýðuhúsið á Siglufirði - Frjó Listahátíð

Umsækjandi:  
Aðalheiður S. Eysteinsdóttir

Frjó menningarhelgi verður haldin dagana 14. - 16. júlí nk.

Frjó er þriggja daga listahátíð þar sem fram koma listamenn og skapandi einstaklingar sem framkalla list sína með ólíkum miðlum og sameinast í einum suðupotti um miðjan júlí ár hvert.

Markmiðið er að efla listir og menningu í Fjallabyggð með metnaðarfullri dagskrá. Halda áfram og taka þátt í því góða og ríkulega menningarstarfi sem gert hefur Fjallabyggð að vinsælum viðkomustað ferðamanna og ákjósanlegum til búsetu. Menningarstarf í Alpýðuhúsinu á Siglufirði hefur á 10 árum sannað að listir og menning eiga fullt erindi inn í samfélag eins og Fjallabyggð og ekki síst fyrir unga fólkið sem er að velta fyrir sér möguleikum framtíðarinnar. Þess vegna býður Alpýðuhúsið upp á viðburði við allra hæfi þar sem ekkert aldurstakmark er eða gjald tekið fyrir aðgang.

**Styrkupp hæð kr. 660.000.-**

## Abbý – Listasýningar

Umsækjandi:  
Arnfinna Björnsdóttir

# Fjallabyggð

Arnfinna (Abbý) rekur vinnustofu að Aðalgötu 13 á Siglufirði þar sem hún vinnur að list sinni, klippimyndum frá Síldarárunum og annarri myndlist ásamt handverki.

Þann 20. maí ár hvert opnar hún sýningu sem er opin til 20. september eða lengur.

**Styrkupphæð kr. 130.000.-**



## Berjadagar tónlistarhátíð

Umsækjandi:  
Berjadagar, Félag um  
tónlistarhátíð

Berjadagar tónlistarhátíð 2023 verður haldin um verslunarmannahelgi 3. – 6. ágúst og er markmiðið að veita gestum og gangandi vöð á fagaðri menningardagskrá með frábærum listamönnum á einni mestu ferðahelgi ársins. Framúrskarandi flutningur ýmiss konar tónlistar mun skapa dynamik og ekki síst tendra ljóma og gleði í hjörtum þeirra sem sækja hátíðina heim.

Markmið hátíðarhaldanna er að gera Berjadagar áfram út sem stoð í menningarflóru Norðurlands-eystri og landsins alls í flokki sígildrar menningardagskrár og vera um leið verkefnaskapandi fyrir einstaka listamenn sem starfa norðan og sunnan heiða. En einnig fyrir alþjóðlegar tónlistarstjórnur í bland sem koma með eldmóð sinn á svið hátíðarinnar.

**Styrkupphæð kr. 660.000.-**

## Farandtónleikar í Fjallabyggð

Umsækjandi:  
Daníel Pétur Daníelsson

# Fjallabyggð

Um er að ræða lítið en skemmtilegt verkefni sem snýr að því að flytja tónlist á vörubílsballi á nokkrum vel völdum stöðum í bænum, t.d. á Ráðhústorginu, fyrir utan veitingastaði, fyrir utan sjúkrahúsið / dvalarheimilið frá ca. miðjum júní til lok júlí.

Markmiðið er að gleðja gesti og gangandi sem og heimafólk með tónlist á nýstárlegan hátt.

**Styrkuppþæð 90.000 kr.-**

## Listasýningar í Pálshúsi

Umsækjandi:  
Fjallasalir ses.

# Fjallabyggð

## Listasýningar í Pálshúsi

Yfir sumartímamann á opnunartíma Pálshúss verða opnaðar tvær til þrjár listasýningar í sýningarsal Pálshúss.

Sýningar byrja þegar opnað er um 15. maí og standa til 15. september.

**Styrkupp hæð kr. 500.000.-**



## Kvíabekkjarkirkja - menningararfur

Umsækjandi:  
Hollvinafélag  
Kvíabekkjarkirkju

Hollvinafélag Kvíabekkjarkirkju var stofnað til að endurgera Kvíabekkjarkirkju og nágrenni hennar.

Hollvinafélagið vill varðveita menningararf okkar og sögu, með því að setja upp skilti og upplýsa almenning sem kemur á Kvíabekk um þá arfleið sem var þar til staðar, skiltin verða þrjú. Saga Kvíabekkar, Kvíabekkjarkirkju og Spítalahóls.

Styrkurinn verður notaður til að setja upp þrjú upplýsingarskilti við Kvíabekkjarkirkju og efla með því menningartengda ferðapjónustu í Ólafsfirði.

Skiltið verður sett upp hjá Spítalahól á Kvíabekk.

Einnig er sótt um styrk í formi leigu á Menningarhúsinu Tjarnarborg fyrir styrktartónleika fyrir Hollvinafélag Kvíabekkjarkirkju

**Styrkupp hæð vegna skilta kr. 175.000.-**

**Styrkupp hæð vegna leigu á Tjarnarborg kr. 155.000.-**



**Kirkjukór  
Ólafsfjarðar.  
Kórsöngur o.fl.**

Umsækjandi:  
Kirkjukór Ólafsfjarðar

# Fjallabyggð

Kirkjukór Ólafsfjarðar hlýtur styrk vegna kórsöngs við hin ýmsu tilefni til reksturs Kirkjukórs Ólafsfjarðar, greiða fyrir námskeið og raddþjálfun félaga.

**Styrkuppþæð kr. 100.000.-**

## Þorrlót Æskunnar, fundir og hannyrðakvöld

Umsækjandi:  
Kvenfélagið Æskan Ólafsfirði

Þorrlót Kvenfélagsins fór fram þann 4. febrúar sl.

Fyrsta Þorrlót Kvenfélagsins var haldið árið 1933 og hefur ágóðinn ætíð runnið til góðra málefna í byggðarlaginu.

Kvenfélagið fær styrk í formi afnota af Menningarhúsinu Tjarnarborg fyrir félagsfundir og til að koma á hannyrðakvöldum einu sinni til tvisvar í mánuði yfir vetrarmánuðina. Hannyrðakvöldin verða opin öllum kynjum og ekki gerð krafa um að vera félagi í Kvenfélaginu Æskunni.

Markmiðið er að halda við gamalli hefð til hátíðarhalda og efla menningu og félagslíf í Fjallabyggð.

**Styrkur í formi leigu á Tjarnarborg kr. 250.000.-**



## Leiksýning

Umsækjandi:  
Leikfélag Fjallabyggðar

Leikfélag Fjallabyggðar - uppfærsla leikársins 2022-2023

Uppfærsla verksins Birgitta kveður var flutt í Tjarnarborg í lok október og er uppfærsla leikársins 2022-2023.

Markmiðið Leikfélagsins er að efla menningarlíf í Fjallabyggð og bjóða íbúum og gestum Fjallabyggðar upp á leikverk og ekki síður fá áhugaleikara hér í samfélaginu til að taka þátt og rækta hæfileika sína á leiklistarsviðinu.

**Styrkupp hæð 500.000 kr.-**

## Ljóðahátíðin Haustglæður

Umsækjandi:  
Ungmennafélagið Glói  
og Félag um  
Ljóðasetur Íslands

Markmið hátíðarinnar er að auka áhuga íbúa og gesta Fjallabyggðar á ljóðlist og menningu. Veita þeim tækifæri til að hlýða á fremstu skáld landsins flytja ljóð sín. Skapa vettvang fyrir heimamenn til að koma sér og sínu efni á framfæri, hvort sem er í formi ljóðlistar eða tónlistar. Auka orðspor Fjallabyggðar sem samfélags sem ríkt er af menningu. Kynna komandi kynslóðum íslenska ljóðlist og þjálfva ungmenni í skapandi skrifum og að koma fram.

Dagskrárliðir hátíðarinnar verða 10 -12 talsins. Þar eru hefðbundin atriði eins og skólaheimsóknir skálda, heimsókn skálda á dvalarheimili aldra, ljóðasamkeppni nemenda, ljóðakvöld heimamanna, heimsóknir skólahópa á Ljóðasetrið, flutt tónlist sem samin hefur verið við ljóð íslenskra skálda o.fl.

A.m.k. eitt þjóðþekkt skáld kemur fram á hátíðinni auk heimafólks og yngri kynslóðin verður virkjuð til sköpunar og fær þjálfun í að koma fram. Frítt er inn á alla viðburði hátíðarinnar.

**Styrkupp hæð kr. 275.000.-**

## Lestrarstundir í Ljóðasetri

Umsækjandi:  
Félag um Ljóðasetur  
Íslands

# Fjallabyggð

Félag um Ljóðasetur Íslands mun standa fyrir lestrarstundum fyrir börn á Ljóðasetrinu á miðvikudögum og fimmtudögum í sumar, frá miðjum júní fram í ágúst, samtals 15 stundir.

Þar munu börn hafa aðgang að ýmiskonar bókum sem henta þeim og þeirra áhugasviðum. Rithöfundar munu koma í heimsókn, lesa úr verkum sínum og ræða við börnin um bækur og lestur og það sem börnin langar að vita um hvernig það er að vera rithöfundur. Einnig verður börnum leiðbeint um það hvernig maður flytur mál sitt fyrir framan hóp og þau sem vilja fá þjálfun í því.

**Styrkupp hæð kr. 300.000.-**



## Sjómanna­dagshátíð í Ólafsfirði

Umsækjandi:  
Sjómanna­dagsráð

# Fjallabyggð

Sjómanna­dagsráð og Sjómanna­félag Ólafsfjarðar halda uppi metnaðarfullri dagskrá um sjómanna­dagshelgina

Sjómanna­dagshátíðin er fjölskylduhátíð og öllum opin.

Sjómanna­félag Ólafsfjarðar fagnaði fertugsafmæli sínu þann 26. janúar sl. og verður þeirra tímamóta minnst á ýmsan hátt á árinu, ekki síst með hátíðarhöldum sjómanna­dagsins.

**Styrkupphæð 1.100.000 kr.-**

## Fjarðargangan 2023

Umsækjandi:  
Skíðafélag Ólafsfjarðar

# Fjallabyggð

Fjarðargangan fór fram dagana 10. og 11. febrúar sl. Um er að ræða tvær keppnir í skíðagöngu; Þann 10. febrúar fór fram "nætur" Fjarðargangan og hófst hún kl. 21:00 og 11. febrúar fór fram Fjarðargangan sem er lengri og stærri viðburður.

**Styrkur í formi afnota af húsnæði Fjallabyggðar kr. 350.000.-**

## Sumartónleikar

Umsækjandi:  
Þjóðlagasetur sr.  
Bjarna Þorsteinssonar

# Fjallabyggð

Sumartónleikar í Þjóðlagasetri sr. Bjarna Þorsteinssonar er tónleikaröð þar sem boðið er upp á ferna tónleika.

Ungt tónlistarfólk kemur fram í Þjóðlagasetrinu og víðar á Siglufirði og lífgar þannig upp á bæjarlífið sem hljóðfæraleik og söng.

Listamennirnir verða flestir af yngri kynslóðinni enda er markmiðið tónleikaraðarinnar ekki síst að hvetja ungt fólk til þess að takast við eigin þjóðlagaarf og flétta hann inn í tónlist sína.

**Styrkupp hæð kr. 200.000.-**

## Þjóðlagahátíðin á Siglufirði

Umsækjandi:  
Þjóðlagahátíð 2023

Hátíðin í ár verður því sú 23. í röðinni

Markmið Þjóðlagahátíðarinnar á Siglufirði er að styðja við bakið á þeim sem stunda íslenska þjóðlagatónlist og að leyfa landsmönnum að hlusta á tónlistarmenn í fremstu röð, víðs vegar að úr veröldinni.

Á hátíðinni kemur saman tónlistarfólk úr ólíkum áttum og á öllum aldri, hlustar á verk hvers annars og lærir í Þjóðlagaakademíunni um tónlistararf Íslendinga og annarra þjóða.

Tónlistarmenn víðs vegar að úr veröldinni halda tónleika og námskeið auk þess sem Þjóðlagaakademían verður starfrækt samhliða hátíðinni.

Hátíðin stendur yfir í fimm daga og verður hún með líku sniði og undanfarin ár. Daglega verða tvennir til þrennir tónleikar, nokkur námskeið verða haldin um tiltekið efni auk fyrirlestra í þjóðlagaakademíunni.

**Styrkupp hæð kr. 660.000.-**

## Síldarævintýri á Siglufirði

Umsækjandi:  
Stýrihópur um  
Síldarævintýri

Markmið hátíðarinnar er fyrst og fremst að skapa grundvöll fyrir bæjarbúa til að koma saman og gleðjast auk þess að kynna allt það frábæra sem Siglufjörður hefur upp á að bjóða í menningu, mat og drykk að ógleymdri hinni stórbrotnu náttúru og iðandi mannlífi.

Með hátíðinni vill stýrihópurinn efla félagsleg tengsl bæjarbúa, styrkja tengsl brottfluttra við gamla heimabæinn sinn, skilja eftir jákvæða upplifun þeirra gesta sem sækja hátíðina og koma listafólki úr Fjallabyggð á framfæri.

Um að ræða fjögurra daga fjölskylduhátíð þar sem lögð er áhersla á að allir aldurshópar finni eitthvað við sitt hæfi.

Áætlað er að hátíðin verði samsett af um 50 smærri viðburðum um allan miðbæinn og gestir hátíðarinnar sjá og upplifa eitthvað nýtt og spennandi á hverju götuhorni.

**Styrkur í formi afnota af húsnæði og munum Fjallabyggðar  
kr. 250.000**



# Fræðslustyrkir





## Dansnámskeið fyrir nemendur

Umsækjandi:  
Foreldrafélag Leikhóla

# Fjallabyggð

Foreldrafélag Leikhóla fær styrk til að standa fyrir dansnámskeiði fyrir nemendur



**Styrkupp hæð kr. 60.000.-**

## Dansnámskeið fyrir nemendur

Umsækjandi:  
Foreldrafélag Leikskála

# Fjallabyggð

Foreldrafélag Leikskála fær  
dansnámskeiði fyrir nemendur

styrk til að standa fyrir

**Styrkuppþæð kr. 75.000.-**



## Samningur um forvarnarstarf í samstarfi við forvarnarteymi Grunnskóla Fjallabyggðar

Umsækjandi:  
Foreldrafélag  
Grunnskóla  
Fjallabyggðar

# Fjallabyggð

Foreldrafélagið Grunnskóla Fjallabyggðar fær árlega styrk í þrjú ár til að standa undir kostnaði við forvarnarfræðslu fyrir grunnskólanema og eftir atvikum foreldra.

Leitast er við að hafa forvarnarfræðslu fjölbreytta s.s. gegn kynferðis- og kynbundnu ofbeldi, fíkn, stafrænu ofbeldi o.s.frv. Einnig mætti horfa til fyrirlestra sem byggja upp sjálfsmynd og styrkja börn og unglunga á annan hátt.

**Styrkupphæð kr. 300.000.-**



# Groænir styrkir



# Fjallabyggð

## Ljúka frágangi við púttvöll

Umsækjandi:  
Félag eldri borgara á  
Siglufirði

Styrkinn á að nota til að ljúka frágangi í kringum pútt-völlinn, fjarlægja á tré sem eru á svæðinu og setja nýja runna. Runnum er ætlað að veita skjól á vellinum og fegra umhverfi hans.

**Styrkupp hæð kr. 200.000.-**

## Gera tanga austan Róaldsbrakka að grænu svæði

Umsækjandi:  
Síldarminjasafn Íslands  
ses.

# Fjallabyggð

Styrknum er ætlað að gera tangann austan Róaldsbrakka að notalegu grænu svæði draga úr vatnssöfnun á svæðinu og græða upp svæðið með grasi og gróðri.

Einnig á að bæta akstursleið að bátarampi.

Keyptir verða bekkir og borð sem koma á fyrir á svæðinu og stuðla þannig að því að gestir og íbúar noti svæðið til þess að setjast niður, eiga notalega stund á fallegum stað, njóta útsýnisins, fylgjast með siglandi umferð og njóta kyrrðarinnar.

**Styrkupp hæð kr. 500.000.-**





## Aldingarður æskunnar - fræ


Umsækjandi:  
Skógræktarfélag  
Ólafsfjarðar

# Fjallabyggð

Styrknum er ætlað að viðhalda Aldingarðinum, en Aldingarðurinn er verkefni sem Skógræktarfélag Ólafsfjarðar vinnur með börnum í Leikskóla Fjallabyggða á Ólafsfirði.

Verkefnið er þegar hafið en sett hafa verið niður við leikskólann ávaxtatré, berjarunnar og annar gróður og er ætlunin að halda verkefninu áfram með aðstoð leikskólabarna.

**Styrkupphæð kr. 50.000.-**



## Gróðursetning við tjörnina í Ólafsfirði í samvinnu við Fjallabyggð

Umsækjandi:  
Skógræktarfélag  
Ólafsfjarðar

# Fjallabyggð

Umhverfisátak við tjörnina í Ólafsfirði í samstarfi við Fjallabyggð.

Ætlunin er að hefja gróðursetningu aspa og lægri runna á svæðinu. Skapa þannig skjól við tjaldsvæðið og fegra svæðið.

**Styrkupp hæð kr. 300.000.-**

## Uppsetning á grillhúsi

Umsækjandi:  
Skógræktarfélag  
Siglufjarðar

# Fjallabyggð

Skógræktarfélag Siglufjarðar ætlar að setja upp grillhús yfir grillið sem stendur í lundinum við Leyningsá. Húsið verði svipað að formi eins og er á tjaldsvæðinu á Ólafsfirði.

Með verkefninu verður aðstaða bætt til muna fyrir þann fjölda gesta er koma í skógræktina á ári hverju.

**Styrkupp hæð kr. 500.000.-**

## Orkusparnaður og bætt aðstaða

Umsækjandi:  
Skíðafélag Ólafsfjarðar

# Fjallabyggð

Skíðafélag Ólafsfjarðar hefur nú þegar endurnýjað alla lýsingu í Bárubraut og fært ljóskastara yfir í LED lýsingu. Nú er unnið að því að skipta um hluta ljóskastara í skíðabrekku félagsins. Enn fremur er verið að skipta út og bæta lýsingu við nýja æfingaflöt / marksvæði.

Skíðafélagið hefur stórbætt aðstöðu til skíðaiðkunar í Tindaöxl og á æfingaflöt / marksvæði. Flötin er nú orðin um 150m löng sem gerir alla aðstöðu til æfinga fyrir börn og fullorðna mun betri.

Einnig er verið að vinna að barnabrekku fyrir nýja toglyftu félagsins.

**Styrkupp hæð kr. 400.000.-**